




Reykjavík, 8.febrúar. 2024

Framnesvegur 55 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Einars Vals Aðalsteinssonar, dags. 30. janúar 2024, um úthlutun bílastæða fyrir lóðirnar nr. 55 og 57 við Framnesveg. Erindinu var vísað til verkefnastjóra til umsagnar.



Skjáskot úr borgarvefsjá sem sýnir lóðarmörk Samþykkt lóðarblað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er gildi deiliskipulag fyrir lóðirnar.

Umsögn

Íbúðarhúsið við Framnesveg 55-57 var byggt árið 1944. Samkvæmt samþykktum aðaluppdráttum eru ekki nein bílastæði sem tilheyra húsinu sem var algengt á þessum tíma. Íbúðarhúsið við Lágholtsveg er teiknað síðar og samþykkt árið 1985 með bílakjallara.

Samkvæmt samþykktu mæliblaði eru hins vegar töluvert af bílastæðum innan lóðarinnar Framnesveg 55-57 og Hringbraut 109-115. Skoða þarf þinglýsta eignaskipta yfirlýsingu sem hægt er að nálgast hjá sýslumanni ríkisins til að sjá hvernig þessum bílastæðum var skipt eða hafa samband við húsfélagið sem ætti að hafa frekari upplýsingar um skiptingu bílastæðanna. Bent er á að öll bílastæði sem er í borgarlandi, eru öllum aðgengileg.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri